

Alþingi
Erindi nr. P 131/289
komudagur 30.11.2004



SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

ALÞINGI ÍSLENDINGA
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

TELVIÐUN

DAÐSETNING

SEÞ/eeg/04/3035

29.11.2004

Efni: Umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna frumvarps til laga um greiðslur yfir landamæri í evrum, 212. mál. EES reglur.

Skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur borist bréf Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dagsett 11. nóvember 2004 þar sem óskað er eftir umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins varðandi frumvarp til laga um greiðslur yfir landamæri í evrum, 212. mál EES reglur. Af því tilefni er Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis látin í té svohljóðandi:


u m s ö g n :

Í öllum viðskiptum milli manna og lögaðila er frá sjónarhóli skattyfirvalda mikilvægt að sem flest samskipti milli manna séu í rafrænu formi. Á það við, hvort heldur um sé að ræða greiðslur eða bréfaskipti. Rannsóknir á skattskilum eru á allan hátt auðveldari og aðgengilegra að ganga úr skugga um hvort skattskil séu byggð á fullnægjandi gögnum ef um er að ræða rafræn samskipti.

Í frumvarpinu eru raktar þær reglur sem greiðslur yfir landamæri byggja á. Að stærstum hluta mun slíkt verða í rafrænu formi.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins telur ekki efni til þess að gera athugasemdir við fyrirliggjandi frumvarp.

Virðingarfyllst,


Skúli Eggert Þorðarson